



samtök sjálfstæðra skóla

Alþingi
Erindi nr. P 133/851
komudagur 8.2.2007

Hafnarfirði 6. febrúar, 2007

Umsögn Samtaka sjálfstæðra skóla um lög um námsgögn

Í bréfi dagsettu 31. janúar 2007 er óskað eftir því að Samtök sjálfstæðra skóla sendi umögn um frumvarp til laga um námsgögn.

Þrátt fyrir stuttan fyrirvara og lítið svigrúm til þess að kynna okkur málið til hlítar er okkur samt ljúft að senda eftirfarandi umsögn:

Samtök sjálfstæðra skóla fagna nýju frumvarpi um námsgögn. Í fljótu bragði sýnist okkur þetta frumvarp býsna vel unnið og góðar útskýringar með hverri lagagrein svo ljóst er hvaða hugsun liggur að baki.

Frumvarpið felur í sér merkar breytingar til batnaðar. Með því verður stigið gott skref í þróun á námsgagnagerð og búast má við að jarðvegur verði nú enn gjöfylli til góðra tilþrifa á því sviði. Sú þekking og reynsla sem byggð hefur verið upp hjá Námsgagnastofnun kemur til með að njóta sín áfram – en í breyttu og meira hvetjandi starfsumhverfi. Einokun verður aflétt og skólamiir fá kærkomið frelsi til þess að verja þeim fjármunum sem þeir fá úthlutað á markvissari hátt, án þess að þurfa að binda valið nær eingöngu við einn valkost. Langþráður draumur okkar um aukið valfrelsi á þessu sviði virðist því vera að rætast. Það þykir okkur eftirsóknarvert.

Margt og mikið hefur verið rætt um námsgagnafyrirkomulag á undanförmum áratugum. Svo virðist sem hér hafi verið fundin mjög ásættanleg leið.

Virðingarfyllst,
F.h. stjórnar Samtaka sjálfstæðra skóla,

Margrét Pála Ólafsdóttir,
formaður